

stafar af því, að ekki er fylgt settum reglum, að rekstur fyrirtækis sé stöðvaður, framkvæmdum hætt eða aðrar slíkar ráðstafanir gerðar, unz úr hefur verið bætt, og er lögreglu skylt að veita aðstoð við framkvæmd slíkrar ráðstöfunar.

Ef mál er svo vaxið, að slökkviliðsstjóri telur, að ráðstafanir skv. 2. mgr. þoli ekki bið, getur hann látið framkvæma þær þegar í stað, en leggja skal málið fyrir brunamálanefnd svo fljótt sem unnt er.

30. gr.

Nú telur brunamálastjóri, að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerðar, og brunamálanefnd (slökkviliðsstjóri) gerir ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta, skv. 29. gr., og hefur hann þá rétt til að beita þeim heimildum, sem henni eru veittar í þeirri grein.

Ef hann telur, að sveitarstjórn gegni ekki skyldu sinni skv. lögum þessum, þá er honum heimilt að láta bæta úr á kostnað sveitarsjóðs.

31. gr.

Ráðherra setur, að fenginni tillögu brunamálastjóra, reglugerð, þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd laga þessara.

Heimilt er sveitarstjórn með samþykki ráðherra að setja sérstaka samþykkt um stjórn og meðferð brunamála í sveitarfélaginu.

32. gr.

Um matsgerðir skv. lögum þessum fer skv. lögum nr. 61/1917.

33. gr.

Gjöld og dagsektir skv. lögum þessum, svo og kostnað skv. 2. mgr. 30. gr., má innheimta með lögtaki.

34. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerð skv. þeim varða sektum 1000—100 000 krónum, en varðhaldi eða fangelsi, ef sakir eru miklar.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru numin úr gildi lög nr. 37/1948, um brunavarnir og brunamál, svo og lög nr. 28/1945, um brunamál í Reykjavík.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. A-liðar 7. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn getur veitt sveitarfélögum, Öryrkjabandalagi Íslands og elli-

heimilum lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum, kauptúnum og öðrum skipulagsbundnum stöðum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leiguíbúðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

27. maí 1969.

Nr. 57.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð,
skoðun og mat á sláturafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „þrjú ár“ í síðari málslíð 2. málsgreinar 2. gr. laganna komi: fimm ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

28. maí 1969.

Nr. 58.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 21 27. apríl 1968, um breyting á lögum
nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt, á meðan á byggingartíma stendur, að veita lán til byggingarmeistara, byggingarsamvinnufélaga og byggingarfyrirtækja, er byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja útlána-reglum húsnæðismálastjórnar. Lán þessi skiptast síðan milli væntanlegra íbúðar-kaupenda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.